

## **Umsögn um framkomnar athugasemdir um kynningu á áformum um friðlýsingu Lundeyjar í Kollafirði.**

Áform um friðlýsingu Lundeyjar sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd voru auglýst þann 29. maí 2020. Auglýsing um áformin var birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, facebook síðu stofnunarinnar, heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Fréttablaðinu. Jafnframt var hagsmunaaðilum sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir, en fresturinn var til og með 29. júlí 2020.

Í auglýsingunni kom fram að Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og Reykjavíkurborg, kynnti áform um friðlýsingu Lundeyjar í Kollafirði sem friðland. Lundey er um 400 m löng og 150 m breidd þar sem hún er breiðust. Lægst er hún að austanverðu en hækkar til vesturs og er hún um 14 m.y.s þar sem hún er hæst. Klettabelti stendur í sjó fram og stórgrýtt fjara að neðan. Eyjan er að mestu úr grágrýti, algróin og stórþýfð.

Eyjan hefur fyrst og fremst hátt verndargildi vegna stórrar sjófuglabyggðar, einkum lunda, en á eyjunni verpa hátt í 10.000 pör. Samkvæmt válista Náttúrufræðistofnunar Íslands er lundi flokkaður sem tegund í bráðri hættu. Auk þess er svæðið mikilvægt bú- og varpsvæði fleiri mikilvægra fuglategunda s.s. ritu, æður og teistu sem einnig eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í Lundey er að finna sérstætt gróðurlendi en á tveimur stöðum á svæðinu vaxa blettir með gulstör sem blandast við haugarfa. Nálægð eyjarinnar við höfuðborgarsvæðið eykur þá mikilvægi hennar, bæði til fræðslu og náttúruskoðunar ferðamanna.

### **Veiðar**

Ein athugasemd barst á kynningartímanum. Athugasemdin barst frá Guðna Einarssyni en Guðni, ásamt fleiri aðilum, hefur haft eyjuna á leigu samkvæmt leigusamning milli þeirra og Ríkiseigna. Í athugasemdinni bendir Guðni á að lundi hafi ekki verið háfaður í á annan tug og að samkvæmt leigusamningi hafi verið ákvæði sem heimilaði veiðar á lunda. Í athugasemdinni bendir Guðni á að leigutakar telji óhætt að veiðar séu stundaðar á lunda í eyinni ef stofninn sýnir jákvæða þróun á komandi árum. Þá óskar Guðni eftir því að rök séu færð fyrir því að veiðar spilli fuglalífi í Lundey.

### *Svar Umhverfisstofnunar*

Að svo stöddu hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um tilhögun lundaveiða í eyjunni. Þó telur Umhverfisstofnun það skjóta skökku við að heimila veiðar á lunda á svæði sem er friðlýst með það að markmiði að vernda bú- og varpsvæði fugla lunda.

### **Annað**

Fuglavernd fagnar því að friðlýsing sé hafin á Lundey í Kollafirði og hefur engar aðrar athugasemdir við áform friðlýsingar.

Í bréfi frá Faxaflóahöfnum kemur fram að friðlýsta svæðið liggja ekki nærri hefðbundnum siglingaleiðum og því geri hafnastjórn ekki neinar athugasemdir við áform um friðlýsingu Lundeyjar í Kollafirði.

Hafrannsóknarstofnun gerir ekki athugasemd við áform um að netaveiðar verði óheimilar innan friðlýsta svæðisins.